Eitt umfangsmesta réttar- og valdakerfi heims l Ekkert minnst á Lissabon-sáttmálann í Evrópusambandsumræðunni

Morgunblaðið 11. ágúst 2026, höfundur: Björn Diljan Hálfdanarson

Réttar- og valdakerfi Evrópusambandsins hefur að mestu leyti gleymst í umræðunni um mögulegar aðildarviðræður Íslands að sambandinu að mati Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrverandi forseta lýðveldisins.

„Eins og við þekkjum öll hefur farið mikið fyrir umræðu um verðlag á kaffibollum, pítsusneiðum, kjúklingabringum og öðru slíku, sem er út af fyrir sig ágætt og þeir sem hafa áhuga á pítsusneiðum geta rætt það alveg fram og aftur," sagði Ólafur í opnunarerindi sínu á opnum fundi um Ísland og Evrópusambandið í Sjálfstæðissalnum við Austurvöll í miðbæ Reykjavíkur í gær.

„Það hefur eiginlega alveg gleymst í þessari umræðu að Evrópusambandið er eitthvert umfangsmesta, ítarlegasta og þaulskipulagðasta valdakerfi sem búið hefur verið til í okkar heimshluta frá síðari heimsstyrjöldinni," sagði hann er hann kynnti aðalræðumann fundarins, Carl Baudenbacher, fyrrverandi forseta EFTA-dómstólsins, á svið.

Vísar til Evrópuréttar

„Grunnvefurinn í þeim mikla strúktúr er það réttarkerfi og sú réttarhugsun sem gengur venjulega undir nafninu Evrópuréttur og felur í sér víðtæka lýsingu á hlutverki einstakra valdastofnana, samspili kommisjónarinnar [framkvæmdastjórnarinnar] við einstök lönd og hvaða áhrifasvæði þingið, kommisjónin og Evrópudómstóllinn hafa gagnvart aðildarríkjunum," bætti Ólafur við.

Þá sagði hann það nær óskiljanlegt að ekkert hefði verið rætt um Lissabon-sáttmálann, sem lagði grunninn að stjórnkerfi Evrópusambandsins, í umræðunni sem af er. „Þó að margt megi segja um hinn margrædda pakka þá er það alveg ljóst að hvernig svo sem hann megi líta út á endanum, ef hann nokkurn tímann birtist, þá verður Lissabon-sáttmálinn í honum, þá verður Maastricht-sáttmálinn í honum og þá verður Rómarsáttmálinn í honum," sagði hann og bætti við að þessir þrír sáttmálar væru burðarásarnir í því sem kynni að leynast í þessum meinta pakka.

„Þeir skilgreina sjálft gangvirki Evrópusambandsins og hvernig það getur tekið á nýjum vandamálum og þróast." Þá sagði hann, og vitnaði í Stefán Má Stefánsson, prófessor emeritus í Evrópurétti, að jafnvel þótt samið yrði um undanþágur varðandi fiskveiðistefnuna þá gæti Evrópudómstóllinn ógilt þær með einföldum forúrskurði á grundvelli þess að dómstóllinn hefði samkvæmt þessari grunnskipan vald til þess að fella samninga sem framkvæmdastjórnin hefði gert við einstök ríki úr gildi.

„Leiðangurinn sem þjóðin er beðin að blessa felst í því að við göngum inn í grundvöll og valdakerfi háþróaðrar réttarhugsunar sem Evrópurétturinn, Evrópudómstóllinn, nýskipan kommisjónarinnar á grundvelli Lissabon-sáttmálans og mismunandi vægi einstakra ríkja í ráðherraráðinu á grundvelli Lissabon-sáttmálans fela í sér," sagði Ólafur Ragnar. „Þetta er kjarni málsins, allt hitt er bara aukaatriði," bætti hann við.

Aftur vitnaði hann í Stefán Má sem sagði að valdaframsal ríkisvaldsins til Evrópusambandsins yrði verulegt og hann áréttaði það með því að ítreka að á því væri enginn vafi. Þá nefndi hann að engin þjóð hefði gengið í sambandið frá árinu 2013.

„Ástæðan fyrir því að ég fór fram á þennan völl fyrst hér á þessu sviði var að mér er ekki sama um lýðræðið, mér er ekki sama um árangurinn af sjálfstæðisbaráttunni og mér er ekki sama um það hvort framtíðarkynslóðir Íslendinga fái í sínum höndum sama rétt til að móta sína framtíð eins og við höfum haft."

Umsókn um aðild hefði afleiðingar fyrir Ísland

Morgunblaðið 11. ágúst um fund þ. 10. ágúst 2026. Höfundur: Baldur Arnarson

Carl Baudenbacher, fyrrverandi forseti EFTA-dómstólsins, segir það þjóna hagsmunum Íslands betur að styrkja núverandi EES-samstarf en að ganga í Evrópusambandið. Baudenbacher færði rök fyrir þessari skoðun sinni í tæplega 40 mínútna ræðu í Sjálfstæðissalnum við Austurvöll síðdegis í gær en fundurinn var skipulagður af Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál (RSE).

Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, flutti stutt erindi í upphafi fundarins en eftir að Baudenbacher hafði lokið máli sínu var boðið upp á spurningar úr sal. Baudenbacher rifjaði upp löng kynni sín af Íslandi en hann hafi sem forseti EFTA-dómstólsins komið nánast árlega til landsins. Eftir að hafa lokið störfum hjá EFTA-dómstólnum hafi hann notið þess heiðurs að veita ríkisstjórn Íslands ráðgjöf í tvö ár.

Hrunið minnisstætt

„Á þessum þremur áratugum hef ég orðið vitni að ótrúlegri þróun lands ykkar, en ég man líka mjög vel eftir fjármálakreppunni. Ég var hér haustið 2008. Á kvöldin settu matvöruverslanir pappakassa með skemmdu grænmeti og ávöxtum á gangstéttina sem vel klætt fólk tók hljóðlega með sér heim. Sú minning hefur fylgt mér. Hún er ein af ástæðunum fyrir því að ég tel ekki að sjálfstæði stofnana, opinberar skuldir og sveigjanleiki í peningamálum séu óhlutbundin hugtök," sagði Baudenbacher sem skipti erindi sínu í átta kafla.

Í fyrsta lagi tók hann fyrir merkingu þess að fá sæti við borðið hjá ESB en það er ein af röksemdum aðildarsinna á Íslandi fyrir því að hefja viðræður. „Hin kunnuglega röksemd um sæti við borðið er of einföld. Spurningin er ekki hvort Ísland fengi sæti. Spurningin er við hvaða borð,

með hvaða skilyrðum og með hvaða raunverulegu áhrifum. Og hvað þyrfti Ísland að gefa fyrir þetta sæti? Svar mitt er nokkuð skýrt. Mikilvægustu ákvarðanirnar eru teknar af [ráðamönnum í] París og Berlín. Hinar raunverulega mikilvægu ákvarðanir eru teknar af Frökkum og Þjóðverjum.

Eftir Brexit [útgöngu Breta úr ESB 2020 eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna 2016] kom ég að mikilvægu starfi í London í tvö ár og fékk þá stundum á tilfinninguna að Frakkar og Þjóðverjar væru ekki svo óánægðir með að Bretar væru farnir, enda höfðu Bretar orð á sér fyrir að vera til vandræða.

Ólýðræðislegt kjör

Í öðru lagi má ég nefna hér ítalska forsætisráðherrann Giorgiu Meloni. Ítalía er eitt af stórveldum Evrópusambandsins og hún hefur harðlega gagnrýnt endurtilnefningu Von der Leyen til annars kjörtímabils sem forseti framkvæmdastjórnarinnar. Að mati Meloni var samkomulagið ekki afrakstur opins ferlis, heldur lokaðs – svo ég vitni í hennar eigin orð – samkomulags bak við luktar dyr milli rótgróinna valdaklíka. Hún nefndi ólígarka í þessu samhengi, sem hunsuðu skilaboð kjósenda.

Íslendingar ættu að hugleiða þessa lýsingu þegar einhverjir hægindastólaprófessorar segja að við myndum fá atkvæði og sæti við borðið. Nú hefur áhugaverð þróun átt sér stað í heimalandi mínu, Sviss. Svissneska ríkisstjórnin sótti fyrir rúmum 30 árum um aðild að Evrópusambandinu og í júní 2023 útilokaði svissneska ríkisstjórnin formlega markmiðið um aðild, sagði það ekki gagnlegt af fjórum ástæðum.

Við myndum afsala okkur (fullveldi) og ákvarðanataka færðist að hluta frá svissneskum stofnunum til stofnana ESB; í þriðja lagi myndu beinar lýðræðislegar aðferðir formlega haldast óbreyttar en hefðu minni efnisleg áhrif; og í fjórða lagi myndu þátttökuréttindi sem fengjust með aðild að ESB ekki vega upp á móti því tapi á svigrúmi til athafna á landsvísu sem af því hlytist," sagði Baudenbacher.

Tilfinningaþrungin rök

Baudenbacher tók næst fyrir þróun heimsmála en aðildarsinnar hafa túlkað sviptingar í alþjóðamálum sem rök fyrir aðild. „Þróun heimsmála er mjög tilfinningaþrungin röksemd fyrir aðild að ESB. Það er rætt um óvissu um Bandaríkin, við höfum Úkraínustríðið og Íransstríðið og að alþjóðakerfi sem byggist á lögum og reglum sé undir þrýstingi.

Sagt er að í þessari stöðu væri skynsamlegt að ganga í Evrópusambandið," sagði Baudenbacher og útskýrði að öryggi Íslands hvíldi á aðild að Atlantshafsbandalaginu, NATO, og varnarsamningi þess við Bandaríkin en ekki á ESB. „Evrópusambandið er ekki hernaðarbandalag. Aðild myndi bæta við pólitískri innlimun en engri vernd og ESB er sjálft háð getu Bandaríkjanna," sagði Baudenbacher.

Hann vék svo að þróun réttarfars innan ESB og útskýrði hvernig Evrópusambandið hefði reynt að þvinga Sviss til að samþykkja sinn eigin dómstól, Dómstól Evrópusambandsins, sem endanlegan túlkanda tvíhliða samninga milli Sviss og Evrópusambandsins. Hann rifjaði svo upp að Rómverjar hefðu vitað að enginn gæti verið dómari í eigin sök.

Annað gildir um hina „Evrópusambandið reynir að leika sama leik við Breta. Spurning mín er þessi: Ef Þjóðverjar, Frakkar eða Ítalir væru í þessari stöðu, myndu þeir samþykkja dómstól gagnaðilans? Sennilega ekki. Ég minni ykkur á gullnu regluna sem er viðurkennd í nánast öllum trúarbrögðum: Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.

Það er einmitt það sem Evrópusambandið er ekki að gera. Þá kem ég að þriðja atriðinu, hinum svokallaða lýðræðishalla. Allir vita að EES-samningurinn býr við lýðræðishalla því Ísland, líkt og Noregur og Liechtenstein, tekur upp löggjöf innri markaðarins án atkvæðisréttar.

Aðild að ESB myndi hins vegar aðeins þýða að skipta þessum lýðræðishalla út fyrir annan, því innan Evrópusambandsins myndi ábyrgðin færast frá þinginu – þingmenn, þið ættuð að vera meðvitaðir um þetta – yfir til ríkisstjórnarinnar og stofnana ESB.

Lýðræðishalli ESB aðskilur völd frá ábyrgð. Ákvarðanir verða til í gegnum framkvæmdastjórnina, ráðið, nefndir, stofnanir og dómstóla og erfitt er að staðsetja ábyrgðina. Þjóðþingin missa stjórn án þess að lýðræðislegur valkostur komi í staðinn á vettvangi ESB," sagði Baudenbacher.

Óraunhæfar undanþágur

„Fjórða atriðið mitt varðar undanþágur. Þegar ég les hvað tilteknir einstaklingar segja hér á landi, þá held ég að þeir ímyndi sér að hægt sé að semja um undanþágu fyrir nánast öllum þeim stefnumálum þar sem þeir vilja fá slíka undanþágu. Nú kann að vera, ef maður lítur á dönsku undanþágurnar, að hægt sé að semja um sérfyrirkomulag hér og þar, en ekki á öllum stefnumálum. Og yfirleitt eru slíkar undanþágur veittar núverandi aðildarríkjum en ekki nýliðum.

Það væri mjög sjaldgæft ef Ísland fengi slíka undanþágu, til dæmis í sjávarútvegi. Sjávarútvegur er Íslandi afar mikilvægur. Þið vitið það miklu betur en ég. Varanleg lausn er ekki lagalega útilokuð en því nær sem hún kemst EES-líkaninu, því hærri verða hindranirnar. Aðild þýðir að lúta sameiginlegri sjávarútvegsstefnu og hún er kjarnamál í löggjöf ESB. Og það eru aðrar fiskveiðiþjóðir innan Evrópusambandsins," sagði Baudenbacher.

Ekki lægra settur

„Ég kem að fimmta atriðinu, gildi EES-stoðarinnar. Gildi hennar hef ég upplifað sjálfur. EES-samningurinn leyfir djúpa og raunverulega þátttöku með aðeins takmarkaðri pólitískri aðlögun. EFTA-ríkjunum tókst árið 1992 að sannfæra dómstól Evrópusambandsins um að deila einokun sinni á túlkun laga innri markaðarins með EFTA-dómstólnum. EFTA-dómstóllinn er ekki lægra settur dómstóll. Dómstóll Evrópusambandsins er ekki æðri dómstóll en EFTA-dómstóllinn. Þetta

var byltingarkennt skref. Ég ímyndaði mér ekki á þeim tíma að þetta væri mögulegt og þetta er helsta stefnumarkandi gildi EFTA-stoðarinnar.

Aðild að ESB myndi þýða að missa EFTA-stoðina og undanþágurnar frá sameiginlegum stefnumálum, sérstaklega landbúnaði, gjaldmiðli, utanríkisviðskiptum og svo framvegis. Ísland myndi yfirgefa EFTA-dómstólinn og ESA [Eftirlitsstofnun EFTA] og yrði bundið af lögum Evrópusambandsins.

Jafnvel þótt ykkur tækist að semja um undanþágur yrðu þær túlkaðar af framkvæmdastjórninni og dómstól Evrópusambandsins. Enn fremur eru ráðgefandi álit, strangt til tekið, ekki lagalega bindandi, en forúrskurðir dómstólsins eru að fullu bindandi," sagði Baudenbacher og nefndi hvernig Icesave-málið sýndi að EFTA-dómstóllinn gæti varið smáríki á erfiðum tímum. „Við dæmdum ekki málið Íslandi í vil af því að við vildum gera greiða. Við dæmdum á grundvelli lagalegra raka.

En það hefði vel getað verið að annar dómstóll hefði fundið aðra lausn. Framkvæmdastjórnin hafði fyrir sitt leyti krafist dóms gegn Íslandi, sem þá var umsóknarríki. Og tap í þessu máli hefði getað þýtt alvarlegt álag á ríkisfjármál, jafnvel þjóðargjaldþrot. Og EFTA-dómstóllinn var meðvitaður um þetta. Það er lögmætt frá aðferðafræðilegu sjónarmiði að taka ekki aðeins tillit til þjóðhagslegra afleiðinga dómsúrskurðar, heldur einnig þjóðhagslegra afleiðinga hans í stóru samhengi. Og það gerðum við í þessu máli.

Þrýst á samræmingu

Sjötta atriðið mitt er orka. Ísland er með einangrað raforkukerfi sem veitir stöðuga, endurnýjanlega orku. Aðild að ESB myndi ekki sjálfkrafa krefjast sæstrengs, en með tímanum gætu samþætting orkumarkaða, loftslagsstefna og þrýstingur um samstöðu gert varanlega höfnun erfiðari. Ég veiti svissneska þinginu nú ráðgjöf um gerð raforkusamnings við Evrópusambandið og við sögðum þeim að þeir ættu að líta til reynslu Norðmanna hér.

Noregur er rafhlaða Evrópu en jafnvel Noregur hefur orðið fyrir barðinu á ástandinu í Þýskalandi. Sæstrengir geta ekki aðeins flutt rafmagn heldur einnig evrópska verðsveiflu inn á innlenda raforkumarkaði," sagði Baudenbacher.

Sjöunda atriðið varðaði stöðu Evrópusambandsins, sem væri annað samband en fyrir 15 árum, og hvort aðlaðandi væri að ganga í það.

Raunin væri sú að margt hefði þróast á verri veg og til dæmis væri Þýskaland í djúpri og langvarandi pólitískri og efnahagslegri kreppu. „Árið 2025 yfirgáfu 288 þúsund manns Þýskaland. Það var ekki verkafólk heldur háskólamenntað fólk – læknar, tölvunarfræðingar, verkfræðingar – en flestir fóru til Sviss.

Hryðjuverk íslamista eru daglegt vandamál í Þýskalandi vegna þess að stjórnmálamenn og yfirvöld gera lítið úr því, hunsa orsakirnar og forðast afgerandi aðgerðir," sagði Baudenbacher. Hann rifjaði svo upp að Rómverjar hefðu vitað að enginn gæti verið dómari í eigin sök.

Annað gildir um hina

„Evrópusambandið reynir að leika sama leik við Breta. Spurning mín er þessi: Ef Þjóðverjar, Frakkar eða Ítalir væru í þessari stöðu, myndu þeir samþykkja dómstól gagnaðilans? Sennilega ekki. Ég minni ykkur á gullnu regluna sem er viðurkennd í nánast öllum trúarbrögðum: Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig. Það er einmitt það sem Evrópusambandið er ekki að gera.

Þá kem ég að þriðja atriðinu, hinum svokallaða lýðræðishalla. Allir vita að EES-samningurinn býr við lýðræðishalla því Ísland, líkt og Noregur og Liechtenstein, tekur upp löggjöf innri markaðarins án atkvæðisréttar. Aðild að ESB myndi hins vegar aðeins þýða að skipta þessum lýðræðishalla út fyrir annan, því innan Evrópusambandsins myndi ábyrgðin færast frá þinginu – þingmenn, þið ættuð að vera meðvitaðir um þetta – yfir til ríkisstjórnarinnar og stofnana ESB. Lýðræðishalli ESB aðskilur völd frá ábyrgð. Ákvarðanir verða til í gegnum framkvæmdastjórnina, ráðið, nefndir, stofnanir og dómstóla og erfitt er að staðsetja ábyrgðina. Þjóðþingin missa stjórn án þess að lýðræðislegur valkostur komi í staðinn á vettvangi ESB," sagði Baudenbacher.

Óraunhæfar undanþágur

„Fjórða atriðið mitt varðar undanþágur. Þegar ég les hvað tilteknir einstaklingar segja hér á landi, þá held ég að þeir ímyndi sér að hægt sé að semja um undanþágu fyrir nánast öllum þeim stefnumálum þar sem þeir vilja fá slíka undanþágu. Nú kann að vera, ef maður lítur á dönsku undanþágurnar, að hægt sé að semja um sérfyrirkomulag hér og þar, en ekki á öllum stefnumálum. Og yfirleitt eru slíkar undanþágur veittar núverandi aðildarríkjum en ekki nýliðum. Það væri mjög sjaldgæft ef Ísland fengi slíka undanþágu, til dæmis í sjávarútvegi. Sjávarútvegur er Íslandi afar mikilvægur. Þið vitið það miklu betur en ég. Varanleg lausn er ekki lagalega útilokuð en því nær sem hún kemst EES-líkaninu, því hærri verða hindranirnar. Aðild þýðir að lúta sameiginlegri sjávarútvegsstefnu og hún er kjarnamál í löggjöf ESB. Og það eru aðrar fiskveiðiþjóðir innan Evrópusambandsins," sagði Baudenbacher.

Ekki lægra settur

„Ég kem að fimmta atriðinu, gildi EES-stoðarinnar. Gildi hennar hef ég upplifað sjálfur. EES-samningurinn leyfir djúpa og raunverulega þátttöku með aðeins takmarkaðri pólitískri aðlögun. EFTA-ríkjunum tókst árið 1992 að sannfæra dómstól Evrópusambandsins um að deila einokun sinni á túlkun laga innri markaðarins með EFTA-dómstólnum. EFTA-dómstóllinn er ekki lægra settur dómstóll. Dómstóll Evrópusambandsins er ekki æðri dómstóll en EFTA-dómstóllinn. Þetta var byltingarkennt skref. Ég ímyndaði mér ekki á þeim tíma að þetta væri mögulegt og þetta er helsta stefnumarkandi gildi EFTA-stoðarinnar. Aðild að ESB myndi þýða að missa EFTA-stoðina

og undanþágurnar frá sameiginlegum stefnumálum, sérstaklega landbúnaði, gjaldmiðli, utanríkisviðskiptum og svo framvegis. Ísland myndi yfirgefa EFTA-dómstólinn og ESA [Eftirlitsstofnun EFTA] og yrði bundið af lögum Evrópusambandsins.

Jafnvel þótt ykkur tækist að semja um undanþágur yrðu þær túlkaðar af framkvæmdastjórninni og dómstól Evrópusambandsins. Enn fremur eru ráðgefandi álit, strangt til tekið, ekki lagalega bindandi, en forúrskurðir dómstólsins eru að fullu bindandi," sagði Baudenbacher og nefndi hvernig Icesave-málið sýndi að EFTA-dómstóllinn gæti varið smáríki á erfiðum tímum.

„Við dæmdum ekki málið Íslandi í vil af því að við vildum gera greiða. Við dæmdum á grundvelli lagalegra raka. En það hefði vel getað verið að annar dómstóll hefði fundið aðra lausn. Framkvæmdastjórnin hafði fyrir sitt leyti krafist dóms gegn Íslandi, sem þá var umsóknarríki. Og tap í þessu máli hefði getað þýtt alvarlegt álag á ríkisfjármál, jafnvel þjóðargjaldþrot.

Og EFTA-dómstóllinn var meðvitaður um þetta. Það er lögmætt frá aðferðafræðilegu sjónarmiði að taka ekki aðeins tillit til þjóðhagslegra afleiðinga dómsúrskurðar, heldur einnig þjóðhagslegra afleiðinga hans í stóru samhengi. Og það gerðum við í þessu máli.

Þrýst á samræmingu

Sjötta atriðið mitt er orka. Ísland er með einangrað raforkukerfi sem veitir stöðuga, endurnýjanlega orku. Aðild að ESB myndi ekki sjálfkrafa krefjast sæstrengs, en með tímanum gætu samþætting orkumarkaða, loftslagsstefna og þrýstingur um samstöðu gert varanlega höfnun erfiðari.

Ég veiti svissneska þinginu nú ráðgjöf um gerð raforkusamnings við Evrópusambandið og við sögðum þeim að þeir ættu að líta til reynslu Norðmanna hér. Noregur er rafhlaða Evrópu en jafnvel Noregur hefur orðið fyrir barðinu á ástandinu í Þýskalandi. Sæstrengir geta ekki aðeins flutt rafmagn heldur einnig evrópska verðsveiflu inn á innlenda raforkumarkaði," sagði Baudenbacher.

Sjöunda atriðið varðaði stöðu Evrópusambandsins, sem væri annað samband en fyrir 15 árum, og hvort aðlaðandi væri að ganga í það. Þá hefði hitt stórveldið í Evrópusambandinu, Frakkland, alltaf verið meðhöndlað með silkihönskum af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Árið 2003 hafi Giscard d'Estaing Frakklandsforseti sagt að ekki væru öll aðildarríki jöfn. „Og afleiðing þessarar meðferðar er hagkerfi með skelfilega skuldastöðu," sagði Baudenbacher.

Hættan væri sú að eftir næstu kosningar í Frakklandi yrði forsetinn öfgamaður til hægri eða vinstri. Svo ræddi hann þróunina innan ESB og bar hana saman við núverandi fyrirkomulag hjá EFTA-ríkjunum. Framkvæmdastjórn ESB komi í auknum mæli fram sem pólitískt framkvæmdavald fremur en hlutlaus stofnun. Hún sé því annað og meira en verndari sáttmálanna sem sambandið starfar eftir.

„Og það er gríðarlegur munur á því og Eftirlitsstofnun EFTA. ESA hefur hvorki metnað né vald til að starfa á þennan pólitíska hátt. Það sem mestu máli skiptir er að tjáningarfrelsið er verndað af sáttmála ESB, en það verður fyrir áhrifum af lögum um stafræna þjónustu og tengdum reglum um svokallaðar falsfréttir og hatursorðræðu, sem hvetja vefsvæði til að fjarlægja meira efni en lög krefjast.

Þið munið hvað gerðist í júlí á þessu ári þegar spjallvöktun var þrýst í gegnum Evrópuþingið með hreinni misnotkun á málsmeðferðarreglum. Forystan vissi að flestir þingmenn yrðu farnir í frí og að ekki væri hægt að ná meirihluta gegn þessu, svo þeir tímasettu það og það fór í gegn," sagði Baudenbacher en fjallað var um atkvæðagreiðsluna í Morgunblaðinu síðustu helgi.

Annað dæmi sem hann tiltók um hvernig kaupin gerast á eyrinni innan ESB varðar Möltu, nánar tiltekið þegar dómstóll Evrópusambandsins komst að þeirri niðurstöðu að maltneska kerfið um ríkisborgararétt fyrir fjárfesta væri andstætt lögum ESB. Með því væri vegið að kjarna sjálfstæðis fullvalda þjóðar.

Ekki hlutlaus leið

Í áttunda og síðasta lagi spurði Baudenbacher „hvert væri hið raunverulega hlutverk þessarar tveggja þrepa málsmeðferðar [í þjóðaratkvæðagreiðslunni]; að kjósa fyrst 29. ágúst og geta síðan fengið aðra atkvæðagreiðslu eftir að hafa kosið já 29. ágúst? Miðað við langa reynslu mína af Evrópurétti og evrópskum stofnunum, og af því hvernig ESB dreifir boðskap sínum, er niðurstaða mín nokkuð afdráttarlaus:

Þessi tveggja þrepa málsmeðferð er ekki hlutlaus leið til að afla upplýsinga. Tilgangurinn er að þoka ákvörðuninni um að sækja um aðild áleiðis," sagði Baudenbacher.

Til þess yrði settur af stað áróður stofnana, stjórnvalda, fjölmiðla, samtaka og annarra sem njóta stuðnings framkvæmdastjórnar ESB og „svokallaðra sérfræðinga sem endurtaka svipaðar frásagnir sem hvetja endurtekið til samruna.

Kjarninn er hvernig málið er rammað inn. Samruni er tengdur við frið, lýðræði og stöðugleika," sagði Baudenbacher. Gert yrði lítið úr kostnaðinum, fjárhagslega og fyrir fullveldið.

Höfundur: Baldur Arnarson

Fræðimaður Carl Baudenbacher, fyrrverandi forseti EFTA-dómstólsins, er einn helsti sérfræðingur heims í Evrópurétti. Hann hefur skrifað tugi bóka, kennt við virta háskóla og verið ýmis sómi sýndur á löngum ferli sínum. Hann verður áttræður í september.

Ólafur Ragnar lofaði flugeldasýningu Baudenbachers

Eftir að Baudenbacher lauk ræðu sinni tók Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, til máls og jós ræðumanninn lofi. Sagði Ólafur Ragnar að sig ræki ekki minni til þess að

menntamaður hefði haldið aðra eins flugeldasýningu í sölum Háskóla Íslands. Þótti Ólafi Ragnari, sem var prófessor í stjórnmálafræði, sérstaklega mikið til um yfirsýn Baudenbachers yfir áhrif mismunandi lagahefðar evrópsku ríkjanna á þróun réttarfars innan ESB.

Þetta var söguleg stund. Hér var enda forsetinn sem synjaði Icesave-lögunum staðfestingar að hrósa dómaranum sem dæmdi Íslandi í vil í Icesave-deilunni í janúar 2013. Eftir fundinn var boðið upp á spurningar úr sal.

Meðal fyrirspyrjenda var Jón Baldvin Hannibalsson fyrrverandi utanríkisráðherra, sem rifjaði upp að aðild sína að samþykkt EES-samningsins árið 1993. Evrópusambandið var þá annað samband en það er í dag. Aðildarríkin voru 12, borið saman við 28 nú, og samrunaferlið sem Baudenbacher gagnrýnir að hefjast.

Jón Baldvin þakkaði Baudenbacher fyrir fyrirlesturinn og kom svo á framfæri þakklæti til hans fyrir fyrri afrek en þau myndu ekki gleymast Íslendingum. Jón Baldvin sagði horfur á „þróun í átt til gríðarmikillar tilfærslu á völdum frá þjóðríkjum til svæðisbundinna eininga, til stórvelda, til svæðisbundinna bandalaga, til fjölþjóðlegra kapítalískra stofnana“. Evrópusambandið stefndi að sífellt nánara sambandi en væri aðeins komið hálfa leið. Það ætti eftir að samræma ýmislegt í fjármálum og ríkisrekstri.

Spurði hann svo Baudenbacher hvort hann teldi að sambandið myndi verða æ líkara Bandaríkjunum með bandalagi ófullvalda ríkja. Baudenbacher sagði þá meðal annars að ESB hefði verið merkilegt framtak en sambandið hefði gert mörg og afdrifarík mistök, ekki síst með því að stækka of hratt. Ólíklegt sé að Bretar gangi aftur í sambandið.